



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Innra mat

Skólaárið 2022-2023

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
I. LYKILTÖLUR	4
II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR.....	5
III. INNRA MAT Í FVA	5
IV. KANNANIR.....	7
Kennslukönnun	7
Viðhorfskannanir - Nemendur	8
Viðhorfskannanir - Starfsfólk.....	9
V. ÖNNUR VERKEFNI	11
Náms- og starfsráðgjöf – þjónusta geðhjúkrunarfræðings og forvarnir	11
Félagslíf nemenda	11
Heilsueflandi framhaldsskóli	12
Umhverfismál.....	12
Alþjóðasamstarf	13
VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.....	14
Verkefni vegna markmiða sem lágu fyrir í upphafi skólaársins 2022-2023	14
Verkefni og aðgerðir fyrirhuguð á skólaárinu 2023-2024	16
VII. LOKAORÐ	16

INNGANGUR

Viðfangsefni innra mats hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) byggir á framhaldsskólalögum nr. 92/2008. Þar segir í 40. gr. laganna að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skuli vera að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
- c) auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt 41. gr. sömu laga er fjallað nánar um innra mat og segir þar að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um matið, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá nánari í reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri hafa yfirumsjón með innra mati FVA. Verkefni eru helst áætlanagerð, utanumhald gagna, úrvinnsla kannana og rýnivinna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd umbóta, skýrslugerð o.fl. Deildarstjórar sjá um þætti sem varða skipulag og framkvæmd innan deildar, s.s. umsjón með að áfangalýsingar og kennsluáætlanir séu í samræmi við námskrá. Deildarstjórar eru níu, þrjú á iðnbrautum (vélvirkjun, rafvirkjun og húsasmíði; hér undir einnig dreifnám í húsasmíði og vélvirkjun), starfsbraut, raun-, heilbrigðisgreina og íþróttadeild (hér undir einnig dreifnám á sjúkraliðabraut) og fjórar bóknámsdeildir; tungumála-, íslensku og skapandi greina, samfélagsgreina-, sögu og lífsleiknideild og stærðfræðideild ásamt tölvufræði og viðskiptagreinum.

Stjórnendateymi FVA skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og verkefnisstjóri gæða- og mannauðsmála. Teymið gegnir jafnframt hlutverki gæðaráðs sem kemur að framkvæmd ýmissa þátta innra mats, s.s. úrvinnslu, gagnaöflun, greiningu umbóta og gerir tillögur að umbótaverkefnum.

Innra starf á skólaárinu var með hefðbundnu sniði eftir þrautagöngu nemenda og starfsfólks gegnum tíma Covid -19 undangengin skólaár (V2020-V2022). Nám og kennsla var samkvæmt kennsluáætlunum og kappkostað að efla stuðning við nemendur bæði félagslíf og í námi.

Mörg járn voru í eldinum á skólaárinu og bættust við hefðbundið skólastarf. Þar er helst til að taka endurskoðun á EKKO-áætlun, innleiðing laga um farsæld, val á birtingarmyndum í samskiptasáttmála, umbótaóskir nemenda frá lýðræðisfundi 9. mars, stefnumótun FVA þar sem unnið var með framtíðarsýn og hlutverk undir handleiðslu DecideAct, sjálfsmat tengt innra mati, endurskoðun stofnanasamnings KÍ, ytri úttekt á vélvirkjanámi og þátttaka í reglulegu ytra mati á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis.

I. LYKILTÖLUR


Á haustönn 2022 voru 538 nemendur í námi við skólann en 447 á vorönn 2023:

Haustönn 2022	Karlar	Konur	Heildarfjöldi	Vorönn 2023	Karlar	Konur	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	248	139	387	Dagskóli vorönn	234	129	363
Dreifnám haustönn	82	69	151	Dreifnám vorönn	48	36	84
Samtals	330	208	538	Samtals	282	165	447

Nánari upplýsingar um lykiltölur ársins 2022 eru aðgengilegar í [ársskýrslu](#) á vef skólans.

Heildarfjöldi nemenda á hvorri önn er svipaður og skólaárið á undan (2021-2022), nokkrum fleiri á haustönn en á vorönn eins og áður. Nemendur í dreifnámi (verkefnadrifið nám með staðbundnum lotum um helgar) eru að jafnaði eldri og stunda námið samhliða vinnu. Nám í dreifnámi er sem fyrr í húsasmíði, vélvirkjun og á sjúkraliðabraut. Nám á félagsliðabraut var auglýst á haustönninni eins og árið áður en umsóknir voru aftur of fáar til þess að hægt væri að fara af stað með námið. Enn var auglýst fyrir haustönn 2024 en þegar þetta er tekið saman í byrjun júní 2023 lítur út fyrir að aðsókn sé enn ekki nægileg til að það svari kostnaði að fara af stað með námið.

Skipting nemenda á námsbrautir var eftirfarandi:



Fjöldi áfanga á haustönn 2022 var 151 áfangi sem er fækkun um 3 áfanga miðað við haustönn 2021. Fjöldi áfanga á vorönn 2023 var 163 áfangar sem er fækkun um 5 áfanga miðað við vorönn 2022.

Áföngum í vélvirkjun var fjölgað á árinu 2021-2022 en þá var verið að ljúka við að keyra námskrá frá 2019; að því loknu fækkaði þeim aftur.

Á vef skólans eru [lýsingar á námsbrautum](#) og [skólanámskrá](#) sem var endurskoðuð og uppfærð vorið 2022 (17. útgáfa).



II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR

Á haustönn 2022 voru 54 nemendur brautskráðir frá skólanum þann 17. desember.

Á vorönn 2023 voru 52 nemendur brautskráðir þann 19. maí.

Skólameistari talaði m.a. í ræðu sinni í desember um hugarfar, hænulíf og þriðju vaktina en í brautskráningarræðu um vorið var rætt um gervigreind; hvernig hún gæti nýst í námi og starfi en jafnframt var varað við því að leyfa henni að yfirtaka sjálfstæða, gagnrýna og skapandi hugsun.

Á vorönn 2023 náðu 19% nemenda í fullu námi í dagskóla einkunninni 9 eða 10 fyrir mætingu og fengu fyrir það 1 einingu á fyrsta þrepi sem var færð inn í námsferil við lok annar. Hlutfallið er lægra sem nemur 2% miðað við árið á undan en 4% lægra miðað við árið þar á undan. Í skólastarfinu öllu er lögð áhersla á að styðja nemendur til aukinnar skuldbindingar gagnvart náminu og virkja þá til þátttöku í félagslífi. Mögulega er þetta til marks um að nemendur séu að ná vopnum sínum í kjölfar neikvæðra áhrifa sóttvarnarráðstafana 2020 og 2021 en hér er áfram verk að vinna fyrir kennara og nemendur.

Meðaleinkunn á haustönn 2022 var 6,82 og fallprósenta 12,42%

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2023 var 7,19 og fallprósenta 12,22%

Miðað við skólaárið 2021-2022 hefur fallprósenta lækkað um rúm 2% og meðaleinkunn hækkað lítillega.

Markmið FVA er að allir nemendur hafi lokið a.m.k. 40 einingum eftir 2 annir og 80 einingum eftir 4 annir. Hlutfall nemenda sem hóf nám á haustönn 2020 á stúdentsbrautum og brautskráðist á vorönn 2023 á áætluðum námstíma (3 ár/6 annir til stúdentsprófs) var 25%:

	Loknar einingar > 40 eftir 2 annir	Loknar einingar > 80 eftir 4 annir	Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%
Vor 2021	75%	76%	43%
Vor 2022	93%	75%	46%
Vor 2023	81%	87%	25%

Af heildinni: 25% útskrifuð af þeim sem hófu nám eftir 10. bekk haustið 2020, 34% enn í námi, 41% hætt. 42% þeirra sem ekki hafa hætt útskrifast á 5 eða 6 önum.

Árgangur sem hóf nám haustið 2021 er mjög sterkur námslega og hefur 87% þeirra nemenda lokið a.m.k. 80 ein. eftir 4 annir.

III. INNRA MAT Í FVA

Fyrir skólaárið 2022-2023 lá fyrir samþykkt [verk- og framkvæmdaáætlun](#) fyrir innra mat. Um er að ræða ætlaða tímasetningu reglubundinna kannana (mat nemenda á kennslu og námsefni), viðhorfskannana (mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorf til þjónustubátta), starfsmannasamtala og snerpusamtala í kjölfar kennslukannana, auk rýni í töluleg gögn, rýnihópavinnu og niðurstöður ytri kannana (s.s. Stofnun ársins og Skólapúlsinn), ytri úttektir og ytra mat (mat á jafnlaunakerfi skólans sem stóðst fyrstu endurúttekt í desember 2022 og ytra mat sem Mennta- og barnamálaráðuneytið lætur gera á fimm ára fresti og var framkvæmt síðast á haustönn 2022).

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir mat og eftirlit með skólastarfinu á skólaárinu 2022-2023:

Nr.	Mat og eftirlit með skólastarfinu	Skjal, aðferð	Haustönn	Vorönn	Úttektaraðili	Framkvæmt j/n
Kannanir, lykiltölur, greiningar, skýrslur 2022-2023						
1	Kennslukönnun - lögð fyrir nem. í völdum áföngum um viðhorf til kennslu, samskipta við kennara, námsefnið o.fl.	Rafræn könnun	x	x	Aðstoðarskólameistari	j
2	Viðhorfskönnun - lögð fyrir útskrifaða nemendur um eftirámat á námi í FVA	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	j
3	Viðhorfskönnun - skólinn frá sjónarhóli foreldra	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	j
4	Viðhorfskönnun - lögð fyrir nem. um viðhorf til þjónustu, um líðan, viðhorf til félagslífs o.fl.	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	n
5	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks	Rafræn könnun	x		Aðstoðarskólameistari	n
6	Snerpusamtöl við kennara í kjölfar kennslukannana	Skráð samtöl	x	x	Aðstoðarskólameistari	j
7	Starfsmannasamtöl stjórnenda við starfsfólk á amk á 2 ára fresti	Skráð samtöl	x	x	Skólameistari og aðstoðarskólameistari	j
8	Skýrslur verkefnastjóra	Innköllun	x	x	Skólameistari	j
9	Áætlun um innra mat endurskoðuð	Rýni		x	Skólam., aðst.skólam. og gæðastjóri	j
10	Lykiltöl teknar saman	Greining og skráning	x	x	Aðst.skólameistari, áfangstjóri, gæðastjóri	j
11	Skýrsla um innra mat	Gerð skýrslu		x	Aðstoðarskólameistari og gæðastjóri	j
Rýnihópavinnu 2022-2023						
12	Rýnihópur um endurskoðun EKKO áætlunar	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar	j
13	Rýnihópur fyrir val á birtingarmyndum samskiptasáttmála	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar	j
14	Lýðræðisfundur nemenda, umbætur og samskipti	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar	j
15	Rýnihópar starfsfólks og hagaðila í vinnu um stefnumótun FVA til næstu ára	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar (ytri aðilar)	j
16	Rýnihópur/sjálfsmatsteymi um innra mat	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar	j
17	Rýni og úttekt á vélvirkjanám hjá FVA	Skráð niðurstaða		x	Stjórnandi vinnunnar (ytri sérfræðingar)	j
Ytra mat og annað tengt innra mati 2022-2023						
18	Launagreining; vaktaðir og mældir þættir sem hafa áhrif á launamyndun; frammistaða FVA staðfest.	Embla - launagr.verkf. FJS	x		Fjármálastjóri	j
19	Lagalegar kröfur og aðrar kröfur	4.3.2_GAT 4.3.2_VEL		x	Skólameistari og gæðastjóri	j
20	Innri úttekt skv. áætlun jafnlaunakerfis FVA	4.5.5_GAT 4.5.5_VEL	x		Innra úttektarteymi	j
21	Rýni stjórnenda	4.6_GAT 4.6_VEL	x		Gæðastjóri	j
22	Ytri úttekt á jafnlaunakerfi	Skjöl og skrár jafnlaunakerfisins	x		iCert	j
23	Stofnun ársins - könnun meðal starfsfólks um stjórnun, líðan á vinnustað og aðbúnað	Rafræn könnun	x		Gallup	J
23	Ytra mat skv. reglugerð 700/2020	Úttekt - skýrsla	x		Mennta- og barnamálaráðuneyti	j

Kannanir og annað mat í liðum 1-7 var að mestu í samræmi við áætlun en rýnihópavinna í liðum 12-17 var mun meiri en að jafnaði enda mörg umbótaverkefni í gangi; í tengslum við stefnumótunarvinnu, vinnu að samskiptasáttmála, endurskoðun á EKKO áætlun, ytra mat og úttekta á vélvirkjanámi. Kannanir og úttektir í liðum 18-23 varðandi innri og ytri úttekt á jafnlaunakerfi skólans, Stofnun ársins og Ytra mat voru samkvæmt áætlun.

IV. KANNANIR

Hér er fjallað um niðurstöður kannana sem varða skólastarfið, skv. liðum 1 – 7 í töflunni í kafla III hér á undan.

KENNSLUKÖNNUN

Nemendur leggja mat á áfanga og kennslu í völdum áföngum í dagskóla og dreifnámi. Niðurstöður gefa vísbendingar um það sem vel er gert og það sem má bæta. Þær voru framkvæmdar í Innu í apríl og nóvember. Hver áfangi er metinn ekki sjaldnar en á tveggja ára tímabili.

Mat á niðurstöðum: Viðmið um a.m.k. 80% með svarinu „sammála“ eða „mjög sammála“ er metið þannig að kennslan sé fullnægjandi og innan viðmiðunarmarkna sem krefjast sérstakra viðbragða. Svör undir 80% eru sérstaklega rædd í snerpusamtölum í kjölfar kennslukönnunar. Góðum niðurstöðum eru sömuleiðis gerð skil í snerpusamtölum.

Á haustönn 2022, dagana 1. til 9. nóvember voru kennslukannanir lagðar fyrir í einum þriðja hópsins í dagskóla. Samtals 636 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið. Þátttaka var 67% sem er mun meiri en undanfarnar annir. Könnunin var lögð fyrir nemendur í íþróttum, rafvirkjun, raungreinum og á starfsbraut. Matið kom í heildina vel út. Spurningar voru samtals 19 og 18 þeirra fengu meira en 90% í „Sammála“ eða „Frekar sammála“. Spurningin sem ekki náði 90% viðmiði var þó vel yfir 80% viðmiði:

Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga (88%)

Niðurstaðan gaf til kynna að kennslan væri almennt góð í viðkomandi greinum og fól í sér ákveðna hvatningu og hrós. Í framhaldi var rætt við kennara og þeir upplýstir um niðurstöðuna og leiðbeint þar sem það átti við.

Á vorönn 2023, dagana 11. til 14. apríl, voru kennslukannanir lagðar fyrir í dagskóla. Breyting var gerð á könnuninni þannig að bætt var við svarmöguleikanum „Hvorki sammála né ósammála“ og svarmöguleikar voru því fimm í stað fjögurra áður (Sammála, Frekar sammála, Frekar ósammála, Ósammála). Þessi breyting gerir það að verkum að ekki er hægt að bera svörin saman við fyrri kannanir. Einnig þarf að huga að því að móta nýja mælikvarða fyrir ásættanlega niðurstöðu en áður var viðmiðið fyrir fullnægjandi kennslu að svörun væri a.m.k. 80% í Sammála og Frekar sammála.

Könnunin var lögð fyrir í þriðjung hópna og voru svarendur sem féllu undir úrtakið samtals 815 (sumir taka fleiri en eina könnun). Þátttaka var 56%. Könnunin var lögð fyrir nemendur í vélvirkjun, erlendum tungumálum og stærðfræði. Spurningar voru samtals 19. Svarmöguleikinn Hvorki sammála né ósammála var nýttur í öllum spurningum (í þremur spurningum 10% eða minna og í 16 spurningum meira en 10% og allt upp í 24%).

Spurningar sem fengu meira en 80% svörun í Sammála og Frekar sammála eru þessar:

Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim



Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnin hátt og færa rök fyrir máli sínu
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða
Samskipti mín við kennarann ganga vel
Kennarinn veit nákvæmlega hvað á að gera í hverjum tíma

Spurningar sem fengu meira en 10-18% svörun í Frekar ósammála og ósammála voru þessar:

Kennslan í áfanganum er til þess fallin að vekja áhuga minn
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum
Ég fæ reglulega að vita stöðu mína í þessum áfanga
Kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum
Ég er ánægð/ánægður með námsgögnin sem notuð eru í áfanganum, þ.e. bækurnar og námsefni í Innu
Ég get mælt með áfanganum við aðra nemendur

Ráðgjast var við kennara í kjölfar kannana í snerpusamtölum um úrbætur og sóknarfæri.

VIÐHORFSKANNANIR - NEMENDUR

Útskrifaðir nemendur. Á vorönn 2023 var leitað eftir viðhorfi fyrrum nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum. Í úrtakinu voru nemendur sem útskrifuðust fyrir þremur árum (vor og haust 2020), samtals 117 fyrrverandi nemendur. Könnunin var send á netföng sem skráð eru í Innu. Þátttaka var um 26% og könnunin því vart marktæk en líta á má á niðurstöður sem vísbendingu um gæði skólustarfsins.

Niðurstaðan var að um 52% þátttakenda er í námi, þar af 45% í háskólanámi; um 48% eru mjög eða frekar sammála því að nám í FVA hafi veitt góðan undirbúning fyrir framhaldsnám en rúmlega 19% voru því hvorki sammála né ósammála; um 68% eru mjög eða frekar sammála því að kennslan hafi verið góð en tæp 26% merktu við hvorki sammála né ósammála og um 80% að námsaðstaðan hafi verið góð; um 75% segja að þeim hafi liðið vel í FVA og um 16% svara með hvorki sammála né ósammála. Tæp 70% segja að námið hafi verið hæfilega þungt. Í svari við opinni spurningu komu fram ábendingar sem komið er á framfæri við viðkomandi starfsfólk í starfsmannasamtölum og á deildarfundum, eftir því sem við á.

Niðurstöður verða kynntar á kennarafundi haustið 2023.

Foreldrakönnun (foreldrar nýnema). Á vorönn 2023 var leitað eftir viðhorfi forráðamanna nýnema til ýmissa þjónustupátta skólans. Könnunin var lögð fyrir 180 forráðamenn en þátttaka var um 23%. Báðir foreldrar fengu tölvupóst með hlekk á könnunina til þess að styðja við betri þátttöku. Með 23% þátttöku má líta á niðurstöður sem vísbendingar um hversu ánægðir forráðamenn eru með hina ýmsu þjónustuþætti í skólanum.

Niðurstöður voru eftirfarandi en hlutfall miðast við fjölda svara (23%): Um 92% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með val barnsins á framhaldsskóla; rúmlega 70% þekkja skólareglur FVA mjög eða frekar vel; rúmlega 24% finnst upplýsingar á vef skólans mjög aðgengilegar og um 73% frekar aðgengilegar. Rúmlega 46% fara 1x í viku inn Innu, um 34% 2-3 sinnum í viku og tæplega 10% daglega. Tæplega 88% finnst upplýsingar í Innu frekar eða mjög góðar; um 85% finnst þjónusta skrifstofu FVA vera mjög eða frekar góð og rúmlega 65% finnst þjónusta stjórnenda vera mjög eða frekar góð. Um helmingur þátttakenda tók afstöðu til þjónustu mötuneytis og finnst hún mjög eða frekar góð. Um 35% tók afstöðu til þjónustu bókasafns og finnst hún mjög eða frekar góð. Um 35% fannst þjónusta bókasafns vera mjög eða frekar góð en rúmlega 50% tók ekki afstöðu. Um helmingur þátttakenda tók afstöðu til þjónustu náms- og starfsráðgjafa við barn sitt og voru mjög eða frekar ánægðir með hana. Í svörum við spurningu um þjónustu heimavistar tóku um 80% ekki afstöðu. Í svörum við opinni

spurningu komu fram ábendingar sem skólastjórnendur nýta til umbóta, t.d. að halda betur utan um iðnnema og leita leiða til að efla stærðfræðikennsluna.

Niðurstöður verða kynntar á kennarafundi haustið 2023.

Auk framangreindra kannana tóku nemendur þátt í nemendakönnun framhaldsskólanna á haustönninni: Framhaldsskólapúlsinn 2022-2023. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Svarhlutfall var 66,9% og niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf nemenda í skólanum:

Okkar nemendur eru duglegir við að nota tímann sinn í tómsstundir og íþróttaæfingar og fer tíðnin aðeins uppávið. Dreigið hefur úr svefnvandamálum og er FVA nokkuð undir viðmiði sem er jákvætt. Það virðast helst nýnemar sem svefnleysið truflar mest og stór hluti játar að það sé sjónvarp eða tölvunotkun um að kenna.

Líðan nemenda í FVA er á pari við viðmið en fer því miður aðeins niðurávið heilt yfir, þegar horft er til hamingju, sjálfsálits og stjórnar á eigin lífi. Þá virðist einelti hafa aukist almennt í framhaldsskólum og er FVA nú yfir viðmiði.

Fleiri mikilvægar vísbendingar komu fram sem þarf að taka mjög alvarlega, t.d. að virk þátttaka nemenda í tímum fer dvínandi og einnig að þunglyndi og kvíði hjá nemendum fari því miður vaxandi.

Hér er verk að vinna fyrir stoðteymi skólans (náms- og starfsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, félagslífs- og forvarnarfulltrúi), kennara og skólastjórnendur.

VIÐHORFSKANNANIR - STARFSFÓLK

Annað hvert ár er framkvæmd könnun á meðal starfsfólks um viðhorf til ýmissa þjónustubátta; fyrirhuguð könnun á haustönn 2022 var færð til haustannar 2023. Samtal milli stjórnenda og starfsfólks var með ágætum; stjórnendur hvetja starfsfólk til að koma á framfæri fyrirspurnum og ábendingum um það sem betur má fara og úrlausna er leitað í samráði.

Starfsmannasamtöl voru á dagskrá allt skólaárið þar sem skólameistari og starfsmaður ræða með skipulögðum hætti um starfið, s.s. verkefni starfsins, samskipti, líðan, vinnuaðstæður, starfsþróun o.fl. og sammælast um niðurstöður. Kappkostað er að starfsmaður fái samtal árlega en ekki sjaldnar en annað hvert ár auk þess sem hann getur óskað eftir samtali hvenær sem er. Á haustönn 2022 voru þrjátíu og eitt samtal við kennara og annað starfsfólk og auk þess fimm nýliðasamtöl þar sem leitast er við að fylgja eftir góðri aðlögun að nýju starfi og nýjum vinnustað. Á vorönn 2023 voru níu nýliðasamtöl. Einnig voru tvö starfslokasamtöl á skólaárinu. Starfsmannasamtölum verður fram haldið á komandi skólaári. Áherslan að þessu sinni var á lýðræðislega kennsluhætti, að viðhalda neistanum í starfi og samskipti. Samtali fylgir áætlun um eftirfylgni við niðurstöður og ákvarðanir.

Snerpusamtöl við kennara voru í höndum aðstoðarskólameistara en þau voru að venju á dagskrá í kjölfar kennslukannana, bæði á haustönn og vorönn. Um er að ræða stutt, hnitmiðað starfsmannasamtal við kennara um niðurstöðu könnunar og möguleg viðbrögð en hvort tveggja er trúnaðarmál milli viðkomandi. Kennari getur einnig óskað samtals án tillits til niðurstöðu könnunarinnar. Farið var yfir samandregnar niðurstöður kennslukannana á kennarafundi og þær ræddar meðal kennara í deildum. Á haustönn 2022 voru samtöl við 12 kennara sem voru í mati í kennslukönnun og á vorönn 2023 var samtal við 14 kennara.

Skipulögð nýliðafræðsla og -þjálfun fyrir nýtt starfsfólk á haustönn fólst í faglegri handleiðslu á fyrstu mánuðum í starfi og hefur reyndur kennari það verkefni með höndum. Stjórnendur fylgja þessu eftir með samtali eftir tvo mánuði í starfi. Móttökuáætlun er fylgt.

Stofnun ársins, starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis, fór fram í nóvember 2022. Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Niðurstöður lágu fyrir í mars 2023: Einkunn FVA var 4,21 og var ánægjulegt að okkur skyldi takast að verja þá umtalsverðu bætingu sem náðist síðustu tvö árin. Helstu niðurstöður könnunarinnar er aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#). Sjá jafnframt í [ársskýrslu](#).

Árangur er umtalsverður frá mælingu vorið 2019:

2019	2020	2021	2022
3,47	3,98	4,2	4,21

Í [endurskoðaðri stefnumiðaðri áætlun frá 2022](#) kemur fram árangursviðmiðið 4,3 fyrir árið 2025 og er stefnt að því að ná þeim árangri. Frá 2020 hefur markvisst verið lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti og bætt og árangursrík samskipti við starfsfólk og nemendur. Áfram verður unnið að því að gera enn betur á öllum sviðum og verður kynning á niðurstöðum á skólafundi 25. ágúst.

Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat var endurskoðuð og uppfærð (liður 9 í töflunni hér framar) vorið 2023 og tekur gildi frá haustönn 2023:

Innra mat – rauði þráðurinn	H2022	V2023	H2023	V2024	H2024	V2025
Kennslukönnun – valdir áfangar	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Viðhorfsk. meðal nemenda				feb		feb.
Viðhorfsk. meðal fyrrum nemenda		feb		feb - mars		feb-mars
Viðhorfskönnun meðal foreldra		feb		feb - mars		feb-mars
Viðhorfskönnun meðal starfsfólks			nóv		nóv	
Starfsmannasamtöl	sept/nóv	jan/apríl	sept/nóv	jan/apríl	sept/nóv	jan/apríl
Stofnun ársins	nóv		nóv		nóv	
Rýnihópar*	x	x	x	x	x	x
Lykiltölur	des	maí	des	maí	des	maí
Skýrslur verkefnastjóra	des	maí	des	maí	des	maí
Gerð skýrslu um innra mat FVA		maí/júní		maí/júní		maí/júní
Ný áætlun um innra mat unnin		júní		júní		júní

*Rýnihópar starfsfólks, nemenda og annarra hagaðila eftir því sem við verður komið og það á við.

Til viðbótar taka nemendur þátt í könnunum sem framkvæmdar eru af öðrum, eftir því sem tilefni er til, s.s. [Skólapúlsinn](#), [Rannsóknir og greining](#) (Ungt fólk). Til að fá breiða sýn á málefni eru rýnihópar (nemendur, starfsfólk og eftir atvikum fulltrúar foreldra eða annarra hagaðila) fengnir að borðinu þegar því er við komið og það á við; mat þeirra er þá nýtt til umbóta. Þá má nefna árlega launagreiningu, úttektir og rýni á grundvelli ÍST 85-2012, gæðastaðals fyrir jafnlaunakerfi, en jafnlaunakerfi FVA hlaut vottun á grundvelli staðalsins árið 2020.

V. ÖNNUR VERKEFNI

Önnur verkefni en framangreind eru mörg og af mismunandi toga. Að þessu sinni er gerð stuttlega grein fyrir náms- og starfsráðgjöf á skólaárinu, þjónustu geðhjúkrunarfræðings og forvarnum, félagslífi nemenda, heilsuefandi framhaldsskóla, umhverfismálum og alþjóðasamstarfi.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF – ÞJÓNUSTA GEÐHJÚKRUNARFRÆÐINGS OG FORVARNIR

Á skólaárinu voru náms- og starfsráðgjafar í samtals 150% starfshlutfalli og staða skólahjúkrunarfræðings var 50% starfshlutfall en hann var jafnframt forvarnarfulltúi. Þeir eiga sæti í stoðteymi skólans ásamt áfangastjóra, aðstoðarskólameistara og eftir atvikum félagslífsfulltrúa. Samvinna í teyminu er mikil. Skólasálfræðingur var ráðinn í 75% starf frá hausti 2023, en kom í tímavinnu frá mars 2023.

Í samræmi við markmið var sérstakur kraftur settur í ráðgjöf við nemendur á framhaldsskólabraut og nemendur af erlendum uppruna. Settur var á laggirnar nýr áfangi fyrir nemendur á framhaldsskólabraut sem snýst um náms- og starfskynningar og stoðteymið fór einnig af stað með hópráðgjöf sem kallast Blaðrað í blöðrunni, en þar fór fram fyrirfram ákveðin fræðsla og nemendur voru hvattir til að mæta.

EKKO áætlun skólans var í endurskoðun á árinu og tóku náms- og starfsráðgjafar þátt í tengiliða- og netnámskeiði um grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni gagnvart börnum á vegum Barna- og fjölskyldustofu.

Forvarnarstarf fól m.a. í sér „viku 6“ í samráði við nemendafélag NFFA þar sem ýmis fræðsla fór fram og viðburðir tengdir kynheilbrigði; þátttaka nemenda var góð. Forvarnarstarfið fór einnig fram í samvinnu við heilsueflingateymi og félagslífsfulltrúa.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa tengdust náms- og starfsferli nemenda, námsstuðningi og hvatningu en einnig þungum nemendamálum. Helstu verkefni skólahjúkrunarfræðings tengdust geðheilbrigði og öðru heilsufari.

Að vanda var stoðteymið alltaf á tánum vegna líðanar nemenda, fylgdist vel með og veitti ráð og stuðning.

Stofnað var teymi um innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna (lög nr. 86/2021) en FVA er einn þeirra framhaldsskóla sem taka þátt í innleiðingunni og er í nánu samstarfi við Akraneskaupstað. Náms- og starfsráðgjafar og kennari á starfsbraut skipa teymið sem m.a. sækir fasta mánaðarlega tengiliðafundi sem voru samtals 6 á skólaárinu. Auk þessa tóku tengiliðir þátt í tveimur þjóðfundum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Áskoranir í þessari vinnu eru fjölmargar og á þeim þarf að finna lausnir en lögin gera kröfu um að þörfum barna í samþættri þjónustu til farsældar sé mætt hverju sinni óháð greiningum. Kortlagning þjónustunnar er hafin og framundan er þróun verkferla í tengslum við mat á þörfum barns í samþættri þjónustu.

FÉLAGSLÍF NEMENDA

Haldin voru sjö dansleikir á árinu sem voru vel sóttir. Nutu bæði MB, FSN og FMOS góðs af en þeim var boðið upp í dansinn. Leiklistarklúbburinn Melló setti upp söngleikinn Hlið við hlið og voru alls átta sýningar fyrir fullu húsi. Það skilaði aurum í peningakassa félagsins. Jafnréttisfélagið Bríet var endurlífgað á árinu en það sér t.d. um áfyllingu á tíðavörum o.fl.



HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI

Sem fyrr stóð öflugur hópur sex starfsmanna og tveggja fulltrúa fyrir viðburðum og fræðslu á skólaárinu. Teymið lagði áherslu á geðrækt, m.a. með innleiðingu aðferða Hugarfrelsis og leitaði leiða til að bæta geðheilsu nemenda og rífa upp félagslífið. Unnið var áfram með gátlista geðræktar frá Embætti Landlæknis (EL) og er skor listans komin í 77% (úr 58%). Áfram var lögð áhersla á hreyfingu starfsfólks. Samstarf var við Heilsueflandi samfélag hjá Akraneskaupstað og 300 þús. kr. styrkur fékkst frá ÍSÍ vegna viðburða í Heilsuviku.

Viðburðir, fræðsla o.fl.

- Heilsuvika í lok september, flott dagskrá en dræm mæting; hugað að breytingu á næsta skólaári, nýta þá hádegi og frímínútur betur, fá nemendur meira að skipulagi og hvetja kennara til að flétta inn í kennsluvikuna.
- Starfsmannagöngur; lengri ferð í Landmannahelli í ágúst 2023 og fjórar styttri göngur í nærumhverfinu á haust- og vorönn.
- Vatnsvélar (5) settar upp í febrúar fyrir nemendur og starfsfólk
- Lífshlaupið; ágæt þátttaka starfsfólks en engin þátttaka nemenda (ekki heldur í öðrum skólum)
- Fræðslufundur í janúar um mataræði og markmiðasetningu
- Heilsueflandi viðburðir á opnum dögum í febrúar (útihlaup, skíðaferð, skotbolti, hreyfiteygjur o.f. og námskeið um kynheilbrigði og um jafnrétti og ofbeldi.
- Hugarfrelsi; tvö námskeið á vorönn fyrir allt starfstólk ásamt eftirfylgni (fræðsla um svefn, snjalltækjanotkun, sjálfsmynd, styrkleika ofl.)
- Hjólað í vinnuna í maí; enduðum í 28. sæti af 65 í okkar vinnustaðaflokki
- Annað: Syndum átakið, þemavika um kynheilbrigðismál, ný útgáfa EL af handbók fyrir mötuneyti í framhaldsskólum, HEF fáni dreginn við skólann, keyptur var nuddstóll fyrir starfsfólk.

Nú í vor var hugað að áherslum fyrir næsta skólaár 2023-2024:

Efla félagsþroska og félagsleg tengsl, forvarnir gegn ljósabekkjanothun og nikótínþúðum; skipuleggja Heilsuviku (einfalda dagskrána); draga grunnlínu í gátlista um farsæld barna skv. lögum og verklagi þar um; skipuleggja gönguferðir starfsfólks; virkja íþróttaklúbb til þátttöku í teyminu; bæta kort af gönguleiðum við FVA og fylgja eftir áherslum Hugarfrelsis.

UMHVERFISMÁL

Umhverfisnefnd skipuðu fjórir nemendur auk umhverfisfulltrúa; fundir yfir skólaárið voru 12 þar sem rædd voru ýmis umhverfismál og nemendur unnu að kynningum um þau og fyrir ferðir í Be Green verkefninu.

Umhverfisfulltrúi fór í alla lífsleiknihópa í byrjun september til að ræða um plastlausan september en einnig fór töluverður tími í vinnu við Grænu skrefin og náðum við bæði 3. og 4. skrefi á skólaárinu. Unnið verður að því að ná 5. skrefinu á haustönn 2023.

Nú í vor hófst undirbúningur að úttekt í umhverfismálum í skólanum vegna grænfána, m.a. með úttekt nemenda sem komu með tillögur að úrbótum sem munu nýtast í haust þegar gerð verður úttekt með aðkomu Landverndar.

Vel hefur tekist til með margt sem varðar umhverfismál ískólanum, s.s. er notkun einnota íláta nú að mestu horfin, starfsfólk og nemendur eru stöðugt hvött til að huga að umhverfinu, flokka, endurnýta og draga almennt úr neyslu.

Eins og undanfarin ár gróðursettu útskriftarnemar tré í samstarfi við Skógrækt Akraness.

Hugmyndir frá nemendum: Koma upp ræktunarkössum á skólalóðinni og planta fræjum; styrkja stúlkur til að nota umhverfissvænni tíðavörur en þær sem eru nú á salernum skólans; merkja fjölnota ílát með merki skólans til að nota undir drykki, þeytinga og annað slíkt; auka „grænt“ í skólanum, s.s. plöntur í kerjum og finna nýtingu fyrir Miðgarð, gera svæðið skemmtilegt fyrir nemendur.

Í tengslum við verkefnið Be Green fór umhverfissfulltrúi til Krítar og hélt þar erindi um umhverfismenntun á Íslandi, sjá nánar undir kaflanum alþjóðasamstarf.

ALÞJÓÐASAMSTARF

Skólaárið var annasamt hjá alþjóðafulltrúa; kennarar og nemendur voru á faraldsfæti og margir heimsóttu okkur:

Heimsóknir (KA1) til skólans á skólaárinu voru fleiri en undanfarin ár en alls heimsóttu okkur 9 kennarar frá 5 stofnunum. Þessar heimsóknir voru til viðbótar og tengdust ekki samstarfsverkefnum sem þegar voru í gangi.

- Tveir kennarar frá Danmörku sem kynntu sér m.a. umhverfismál hjá okkur (tengsl komust á námsferð kennara FVA til Danmerkur vorið 2022); Kennari frá Þýskum verknámsskóla sem hafði áhuga á að kynna sér verknámið og að koma á nemendaskiptum sem gæti orðið af á næsta skólaári; Þrír kennarar frá öðrum verknámsskóla í Þýsklandi einnig með áhuga á verknáminu og möguleikum á kennara- og nemendaskiptum; Tveir kennarar frá Ítalíu sem hafa áhuga á samstarfi tengt umhverfismálum með „job shadowing“ og nemendaferðum. Verknámshennari frá Rostock í Þýskalandi, skoðaði verknámið hér og kynnti verknám í Þýsklandi. Á næsta skólaári er von á bæði kennurum og nemendum í styttri og lengri tíma en fyrirsjáanlegt er að snúið verður að koma nemendum í gistingu.

Education Lighthouse (Nordplus) er samstarfsverkefni með skólum í Finnlandi og Litháen en verkefnið tafðist vegna Covid-19.

- Samtals 16 nemendur auk kennara komu á haustönn og dvöldu í viku. Umsýslan var mikil og álag á þá sem þessu sinnu, bæði undirbúningi, meðan á heimsókn stóð sem og að koma gestum milli staða. Erfitt var að fá gistingu en það tókst þó að koma öllum fyrir. Nemendur FVA kynntu skólastarf á Ísland frá leikskóla til háskóla og farnar voru vettvangsferðir. Í janúar fóru 8 nemendur frá FVA ásamt tveimur kennurum til Litháen og var ferðin góð og lærdómsrík í alla staði.

Be Green (Erasmus KA2); vinna alþjóðafulltrúa var mikil á skólaárinu í Be Green sem er samstarfsverkefni okkar við fimm aðrar þjóðir, Frakkland, Grikkland, Ítalíu, Búlgaríu og Tyrkland.

- Verkefnið er viðamikilið, felst m.a. í ritun kennslubókar í umhverfismálum. Alþjóðafulltrúi hefur þegar skrifað 6 kennslugreinar bæði á ensku og íslensku og auk þess þýtt 24 greinar hinna landanna yfir á íslensku. Einnig fór mikill tími í fimm ferðir á skólaárinu, þar af þrjár ferðir með nemendum sem krefjast mikils undirbúnings. Á haustönn fóru 2 nemendur og 3 kennarar til Tyrklands í umhverfistengd verkefni og 2 kennarar fóru síðan til Búlgaríu og fund með kennurum til að móta framhald verkefnisins. Nú á vorönn fóru 3 nemendur og 2 kennarar til Frakklands og sami fjöldi til Ítalíu undir vorið. Loks fóru 3 kennarar í lok maí til Krítar á Be Green fund um kennslubókina og skipulagningu tveggja ferða sem eru framundan og einnig á alþjóðlega ráðstefnu um umhverfismál þar sem alþjóðafulltrúi FVA hélt erindi. Nemendur okkar í þessum verkefnum skrifuðu einnig ágæta grein í Skessuhorn undir leiðsögn kennara.

Auk fjölda Teams funda með erlendum kennurum vegna framangreinds var fundur með verkefnastjórum og verknámshennurum í Reykjavík og tvær vefráðstefnur um verkefnaval og undirbúning umsókna. Í byrjun júní tók alþjóðafulltrúi þátt í „Verum græn með Erasmus“, ráðstefna í

Reykjavík. Styrkumsókn var send til Rannís og fékk hún jákvæð viðbrögð. Þá er eftir að undirbúa heimsóknir hingað á haustönninni.

Að lokum; starf alþjóðafulltrúa á liðnu ári var mun viðameira en áður og huga þarf að því að velja verkefni í framtíð af kostgæfni og skipuleggja vel til að tryggja að umfangið fari ekki úr böndum.

Einnig þarf að tryggja tengingu við skólastarfið, kynna fyrir starfsfólki þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni og hvetja það til þátttöku.

VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Hér eru rifjuð upp verkefni sem fyrirhuguð voru á skólaárinu 2022-2023 og farið yfir stöðuna á þeim núna. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu og niðurstaðna kannana verða í framhaldi talin upp verkefni sem fyrirhuguð er á næsta skólaári, þ.e. 2023-2024.

VERKEFNI VEGNA MARKMIÐA SEM LÁGU FYRIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRSINS 2022-2023

Markmið fyrir skólaárið 2022-2023 voru á ýmsum sviðum. Aðgerðir og viðmið voru ekki endilega skilgreind sérsaklega en þegar rýnt er í framvindu má sjá að vel gekk á sumum sviðum en síður á öðrum sem kallar þá á úrbætur eða jafnvel áherslubreytingu.

Verkefni sem lágu fyrir í haustið 2022	Framvinda og staðan vorið 2023
Efla námskraft og virkni nemenda. Tillögur mótaðar í deildum og á miðvikudagsfundum, m.a. á grundvelli ábendinga í könnunum.	Kennarafundur 16.8.22; 10 færniþættir, minnt á glærur Amalíu. Unnið áfram í deildum.
Kynna nemendum mikilvægi persónuverndar, upplýsingaöryggis (lífsleikniáfangi og stjórn NFFA).	Persónuverndarfulltrúi FVA heimsótti alla lífsleikniáfanga og stjórn NFFA á haustönn og kynnti fyrir þeim persónuvernd og upplýsingaöryggi
Fræðsla fyrir nemendur um góð samskipti, áreitni og einelti (lífsleikni, fræðsluerindi, hópavinna).	Unnið var með þennan þátt í lífsleikniáföngum, með fræðsluerindum á vegum heilsueflingarteymisins og í náms- og starfsráðgjöf. Samskiptasáttmáli í smíðum.
Verknám: Auka samtal um öryggi á vinnustað og heilsusamlegt vinnuumhverfi (deildarstjórar og öryggisnefnd) og bæta utanhald.	Vinna að verklagsreglum um viðbrögð á vinnustað við áföllum og slysum með deildarstjórum verknámsgreina og raunagreina; verði lokið haustið 2024
Móta samskiptasáttmála starfsfólks (hópavinna)	Samskiptasáttmáli var unninn á vorönn með aðkomu allra, nemenda og starfsfólks. Verður kynntur haustið 2023
Vinna úr niðurstöðum Stofnunar ársins	Kynnt vorið 2022 og svo almenn úrvinnsla á skólafundi 23.9.22 (ábendingar um það sem betur má fara). Unnið með niðurstöður á skólafundi 25.8.23.
Rýna framtíðarsýn og stefnu FVA	Unnið þétt á vorönn 2023 með utanaðkomandi ráðgjöfum. Lokadrög kynnt í byrjun haustannar 2023
Vinna að tillögum heilsueflingarteymis - stöðug umbótavinna.	M.a. fræðsla fyrir starfsfólk um sykursýki, flogaveiki og viðbrögð í 23.9.22. Skyndihjálparnámskeið fyrir alla 26.10.22
Kynna starfsfólki Erasmus+ aðildina og hvetja til alþjóðasamstarfs (á skólafundi 26.8.).	Alþjóðafulltrúi sá um kynningu og hvatningu

Efla öryggisvitund starfsfólks (fundir með deildarstjórum, öryggisnefnd, atvikaskráning og vinnuumhverfisvísar).	Unnin viðbragðsáætlum með deildarstjórum verk- og raungreina (leiðbeiningar vegna véla og efna); Stefna um öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi mótuð og gefin út í sept. 2022; rafræn atvikaskráning
Efla umhverfisvitund starfsfólks og nemenda með fræðslu og hvatningu.	Umhverfisverndarfulltrúi stóð fyrir hvatningu og fræðslu, ýmist skipulega eða þegar tilefni gafst til
Styðja og efla nemendafélagið og auka aðhald með rekstri þess (mánudagsfundir).	Utanhald hjá félagslífsfulltrúa og fundir með skólameistara; aðhald með rekstri hjá fjármálastjóra
Framkvæma stuttar kannanir til að fá fram hugmyndir um óskir nemenda/starfsfólks í anda lýðræðislegra vinnubragða.	M.a. á skólafundi 23.9.22, kallað eftir ábendingum starfsfólks; lýðræðisfundur nemenda 9.3.23
Jafnrétti og lýðræði í raun? - fræðsla - getum við gert betur og þá hvernig? - umræður á miðvikudagsfundum, tillögur lagðar fram.	Jafnréttisfulltrúi heldur utan um málaflokkinn og heldur fólki við efnið!
Vinna áfram að innleiðingu á gæðahandbók FVA sem er aðgengileg á vefsíðu skólans.	Gæðahandbók í vinnslu og stefnt að hún verði fullmótuð fyrir árslok 2023

Sum framangreindra verkefna eru hluti af markmiðum í [stefnumiðaðri áætlun FVA 2023-2025](#) sem var uppfærð í lok árs 2022 – samanber eftirfarandi markmið og aðgerðir sem hér eru dregin út úr áætluninni:

Markmið	Aðgerðir	Lokið / Í vinnslu vorið 2023
Bæta skólasókn og virkni í skólalífi hjá nemendum af erlendum uppruna og á flótta frá Úkraínu	Efla Mentor-kerfið sem er hluti af móttökuáætlun; efla tengsl við foreldra, m.a. með fundum með aðkomu tólks; auka stuðning almennt við skólasókn og virkni nemenda.	Í vinnslu
Fjölga útskrifuðum í iðn- og starfsnámi	Hefja samráð við skóla á SV horni sem kenna málmiðngreinar um auðlindir, námskrá og kennsluhætti; aðlaga kennslufyrirkomulag betur þörfum nemenda; auka stuðning við erlenda nemendur.	Í vinnslu
Styðja við nemendur sem koma með D í stærðfræði og ísl. á grunnskólaprófi	Aukaundirbúningsáfangi í stærðfræði og íslensku; breiðara námsframboð á framhaldsskólabraut (sálfr. daglegs lífs, námstækni með tengingu við atvinnulífið).	Í vinnslu
Efla mannauð og ímynd FVA	Hlúa að starfsfólki (aðbúnaður, heilsueflandi vinnustaður, efla félagslíf); fá birtar greinar og jákvæða umfjöllun og stækka áskrifendahóp Skruddu; endurnýja stofnanasaming við KÍ og Sameyki	Í vinnslu
Bæta stafræna þjónustu	Skjalavistunaráætlun, endurnýja málalykil; færa gæðahandbók og atvikaskráningu í gæðahandbók á vefnum	Í vinnslu
Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri	Klára Grænu skrefin (3. og 4. lokið 2022); kolefnisjafna, gróðursetja tré með útskriftarnemum, plokka; flokka og losa lífrænan úrgang	Í vinnslu

VERKEFNI OG AÐGERÐIR FYRIRHUGUÐ Á SKÓLAÁRINU 2023-2024

Rýni á niðurstöður kannana og hina ýmsu þætti í starfsemi skólans sem nú hefur farið fram gefur tækifæri til að greina mögulegar umbætur á ýmsum sviðum. Á þeim grundvelli liggja helstu umbótatækifæri á skólaárinu 2023-2024 í eftirfarandi:

- Vinna áfram að því að efla námskraft og virkni nemenda með öllum tiltækum ráðum
- Viðhalda fræðslu fyrir nemendur um góð samskipti og áætlun gegn EKKO (lífsleikniáfangar, fræðsluerindi og vinna með samskiptasáttmálann dagsdaglega)
- Þróa verkferla í tengslum við mat á þörfum nemenda í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna
- Verknám; halda áfram að efla verknám, vinna með niðurstöður ytri úttektar á vélvirkjanámi, meta árangur breytinga (6 annir í stað 7) í rafvirkjun og fylgja eftir
- Vinna úr niðurstöðum stofnunar ársins 2022 með Gallup og móta áherslur fyrir skólaárið 2023-2024
- Halda heilsuefningu stöðugt á lofti með aðkomu heilsuefningarteymis
- Vinna áfram að framtíðarsýn og stefnu FVA þar sem frá var horfið vorið 2023
- Styðja við nemendafélagið
- Viðhalda lýðræðislegum vinnubrögðum, s.s. með því að fá upp á borðið hugmyndir nemenda og starfsfólks og fá þau með til að fylgja eftir aðgerðum
- Jafnréttisstarf og jafnréttisfræðsla undir forystu jafnréttisfulltrúa og jafnréttisráðs
- Vinna áfram að innleiðingu atvikaskráningar gegnum gæðahandbók á vefnum

VII. LOKAORÐ

Skólaárið einkenndist af því að mörg járn voru í eldinum. Sífelld bætast við verkefni hjá stjórnendum og stoðteymi og í mörg horn er að líta. FVA er einn af tilraunaskólum í innleiðingu laga um farsæld barna. Það er þarft og gott verkefni en mikill tími fer í fundi, samráð og kynningar hjá stoðteymi skólans sem hafði ærin verkefni á sinni könnu fyrir. Kom sér vel að fá fjármagn frá ráðuneytinu til að styðja við það.

Ánægjulegt var að fá bæði góðar einkunnir í Stofnun ársins og góða niðurstöðu í ytra mati ráðuneytisins. Vel gengur að efla ímynd skólans út á við, efla mannauð og vellíðan á vinnustað. Unnið var að endurskoðun stofnanasamnings FVA í þriðja sinn frá 2020 en hann hefur skilað umtalsverðum breytingum á launaröðun kennara til betri vegar. Auk þess hafa nú verið gerðir stofnanasamningar við stéttarfélag þeirra sem starfa við skólann (nema þroskaþjálfar) sem allir hafa skilað ávinningi í launum.

Ljóst er að Ríkiseignir-Framkvæmdasýslan þarf að hlúa enn meira að húsnæði skólans á næstu árum. Á vordögum hófust loksins framkvæmdir við seinni hluta B álmu skólans sem var illa farin en þar verður kennslustofa fyrir sístækkandi starfsbraut og tölvustofa (fækkað úr tveimur í eina). Þá bætast við tvær skrifstofur, fyrir sálfræðing og deildarstjóra starfsbrautar. Einnig verður rými sem áður var illa nýtt innréttað sem athvarf fyrir nemendur á starfsbraut. Herbergi á heimavist þarfnast alúðar, sem og salerni í B álmu. Kennslustofur verða loksins málaðar en það hefur ekki verið gert í manna minnum. Eldhús starfsbrautar þarfnast gagnberra endurbóta og standa vonir til að þær hefjist um áramótin.

Á árinu voru keypt ný hækkanleg skrifborð og stólar í allar kennslustofur og vinna hófst við endurbætur á aðstöðu á bókasafni.



Því miður verður að segjast að áhrif sóttvarnaráðstafana sem þurfti að grípa til meðan Covid-19 geisaði sjást nú í skólastarfi, bæði í FVA og á landsvísu. Fleiri en áður missa móðinn í náminu og nær það nú líka til nemenda sem áður hefðu tæplega talist í áhættuhópi. Það hefur dregið úr félagslegri þátttöku – ábyrgð og skuldbinding gagnvart námi fer líka minnkandi. Hér er sannarlega áskorun fyrir alla sem að skólastarfi koma. Það er sameiginlegt verkefni kennara og nemenda að horfast í augu við þetta, halda áfram að rífa upp vinnugleðina, áhugann og glæða námið lífi, fjöri og tilgangi. Það er líka sameiginlegt verkefni að tvinna saman nám, kennslu og möguleika gervigreindar sem dafna með hverjum degi en markmiðið er að láta hana vinna fyrir sig en ekki yfirtaka sjálfstæða, gagnrýna og skapandi hugsun.

Það er kraftur í starfsfólki skólans. Sjö kennarar tóku á árinu þátt í Menntafléttunni sem er endurmenntunarnámskeið í kennslufræði og unnu öll saman að starfsþróun sinni. Við höldum áfram að takast við faglegar og kennslufræðilegar áskoranir sem snúa fyrst og fremst að nemendum, námskrafti, skuldbindingu og virkni. Áhersla er alltaf lögð á lýðræðislega nálgun í kennslu- og stjórnunarháttum, persónulega þjónustu og notalegan skólabrag. Við í FVA byggjum á sterkum grunni hefða og framsækni, erum sveigjanleg, umburðarlynd og þrautseig. Við getum tekist á við hvaðeina sem framtíðin ber í skauti sér.

Akranesi 14. júní 2023

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari